

— *Brjef* konungsráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóðinum. — Út af tilmælum, er upp höfðu verið borin á alþingi því, er átt var síðastliðið ár, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 16. nóvbr. f. á. lagt það til, að yður yrði veitt vald til að lána út með skilyrðum þeim, er þjer nákvæmar til takið, fje það, er árlega sje borgað upp í það, sem viðlagasjóðurinn á í láni, sem sje bæði það, sem hinn fyrrverandi íslenzki dómsmálasjóður og læknasjóðurinn hafi átt hjá einstökum mönnum að upphæð um 18000—50,000 kr., og í annan stað það, sem sveitarfélögum hafi verið lánað til að koma upp fangahúsum og í aðrar þarfir, en það mun vera um 77000 kr., og ætlið þjer á, að upp í þessi sveitalán eingöngu sje borgað um 5000kr. á ári; hafið þjer tekið fram, að æskilegt sje bæði, að fje það, er þannig verði golið upp í lán, verði sem fljótast látið fara að ávaxtast í landssjóðnum aptur, og eins að einstakir menn geti fengið lán til að koma fram ýmsum fyrirtækjum, einkum í landbúnaði; en slík lán sje örðugt að fá vegna peningaeklu þeirrar, er nú sje á Íslandi.

Út af þessu skal ráðgjafinn þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það er hvortvegja að fjárreiður upp í þær af fyrrnefndum skuldum, er risið hafa af lánnum til sveitastjórna eru í fjárlögnum, sjá 4. gr., nr. 2, taldar öldungis eins og aðrar tekjur landssjóðsins, sem ætlast er til að fari til útgjalda landsins og afgangur sá verði af, er ráð er fyrir gjört, en eru ekki taldar sem sjódir út af fyrir sig, er verja skyldi vöxtunum af fyrst og fremst og beinlínis til að auðga viðlagasjóðinn, enda mun nokkuð hæpið, að landssjóðurinn megi árum saman missa um 5000 krónur á ári til þess, sem hjer er farið fram á, er litið er á breytingar þær, sem þegar er búið að koma á tekjur landsins (með lögum um, að alþingistollurinn skuli vera úr lögum numin), og sömu-leiðis á gjöld þess (lög um laun íslenzkra embættismanna m. m.), og eins á þær breytingar, er síðar kunna að verða gjörðar. Enn er það, að jafnan verður að telja nokkuð ísjárvert að hafa að tiltölu allmikinn hluta af fje landssjóðsins í lánnum, sem ekki er auðnáð. Fyrir því hefir ráðgjafinn ekki getað fallizt á, að því, sem borgað verður upp í nefnd sveitalán, verði varið á tjeðan hátt. En vegna þess, sem þjer segið um, hve örðugt sje að fá lán á Íslandi, og af því að þar vantar lánsstofnanir, hefir aptur á móti þótt tiltækilegt, að leyfa að það fje, sem búið er áður að lána einstökum mönnum, semsje eigur hins fyrrverandi dómsmálasjóðs og læknasjóðsins sje eptirleiðis fyrst um sinn haft til að hjálpa um lán á Íslandi, þannig, að það, sem vegna uppsagnar eða af öðrum ástæðum er borgað af þessu fje upp í innstæðuna, megi lána aptur einstökum mönnum gegn veði.

Ráðgjafinn fær því með þessu brjefi herra landshöfðingjanum umboð til að veita slík lán einstökum mönnum með þessum skilmálum:

að fyrir lánsfjenu sjeu veðsettar jarðir með fyrsta forgöngurjetti, en lánið aldrei látið nema meiru en hálfvirði veðsins, metnu samkvæmt fyrirmælum 8. greinar í tilskipuninni um ómagafje, frá 18. febrúar 1847.

að af láninu sjeu greiddir 4 af hundraði í vöxtu.

að segja megi upp láninu með missirisfyrirvara.

að það sje þegar í stað fallið í gjalddaga, ef vextir eru greiddir í rjettan tíma, eða ef jörðin spillist — og ber því að virða jörðina þriðja hvert ár, og sýna yður virðingargjörðina — eða ef ógreidd eru lätin gjöld af jörðinni í almenningsþarfir eða önnur vanskil verða.

og að skuldunautur, ef til málssóknar kemur, greiði allan málskostnað, landsjóðnum að skaðlausu.

Hinn 28. apríl 1876.

**23**  
28. febr.

En er kemur til máls um lán handa sveitarfjelögum, verður rjettast að ætla ráðgjafanum að skera úr, hvort veita megi slik lán, sem ekki er farandi fram á, nema eitt-hvad sjerlegt mæli með því; því að þess konar lán er vanalega ætlast til að standi svo æðimörgum árum skipti og að borga megi í smám skömmtum; verður innstæðan þá föst um langan tíma.

**24**  
28. febr.

— *Brjef* konungsráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilning á launa-lögunum 15. okt. 1875, m. m. — Í þóknanlegu brjefi 30. nóv. f. á. hafði þjer, herra landshöfðingi, til stuðnings skilningi þeim, er þjer leggið í 3. lið 7. greinar í lögunum 15. okt. f. á. um laun íslenzkra embættismanna, vísað til umræðanna á alþingi um þetta mál, og virðist yður þær bera með sjer, að alþingi hafi skilið nefnda reglu á sömu leið og þjer, þannig, að þá er lögin öðluðust gildi, skyldi hverjum embættismanni fyrir sig í sjálfs vald sett, hvort hann vildi heldur þiggja laun sín eptirleidis samkvæmt launareglum þeim, er staðið hafa að undanförunu, eða eptir lögunum, Teljið þjer þá hafa verið tilætlun alþingis með reglu þeirri, er hjer er umtalsefni, að lögin gjörði launahagi embættismanna þeirra, er nú eru í embættum, hvorki betri nje lakari en þeirra, er í embættin kæmu eptir að lögin öðluðust gildi. Þar sem alþingi hefir í 14. grein nefndra laga lækkað þóknun þá fyrir skrifstofuhald, er lögd hefir verið amtmönnunum að undanförunu, hafði þjer enn fremur haldið, að ráða mætti á umræðunum, að alþingi hafi ætlast til, að þessi lækkun kæmi ekki fram við amtmenn þá, sem nú eru, samkvæmt því sem fyrir er mælt í 1. lið 7. greinar í lögunum; en sjálfur eruð þjer á þeirri skodun, að þessari reglu verði ekki beitt að því, er snertir skrifstofufjeð. Jafnframt þessu hafði þjer með brjefi 2. desember f. á. sent hingað bænarskjal frá amtmanninum yfir suður- og vestur-umdæminu um, að skrifstofufje það, er honum hefir lagt verið að undanförunu, verði einnig ávísad honum eptir 1. janúar þ. á., þrátt fyrir það, þótt lögin hafi þokað því niður.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum, að þótt svo væri, að í umræðum alþingis hefði brugðið fyrir orði, þar sem lögd er í 3. lið 7. greinar sú tilætlun, er áður er á vikið, verður ráðgjafinn þó að vera á því, að orðin í lögunum þýdist eigi slíkan skilning á reglu þeirri, er hjer ræðir um. Ráðgjafinn hlýtur því enn sem fyr að vera fastur á þeirri útskýringu, er hann ljet uppi í brjefi 8. nóvbr. f. á., og hyggur hana eina komið geta heim við orð og ummæli laganna. Eptir því á að greiða laun embættismanna um fjárhagstímabilið 1876 og 1877 samkvæmt yfirliti því (til leiðbeiningar) við fjárgreiðslur, er snerta 10.—13. grein fjárlaganna, er fylgir þessu brjefi, og kemur í stað bráðabirgðaryfirlits þess, er sent var með framannefndu brjefi ráðgjafans.

En er kemur til lækkunar þeirrar á skrifstofufje amtmannanna, er gjörð hefir verið með 14. grein laganna, verður ráðgjafinn að vera yður samdóma um, að 1. lið 7. greinar verði eigi komið þar við, á þá leið, að lækkunin komi eigi fram við amtmennina, sem nú eru. En með því að sjá má á umræðum þingsins, að sú hefir verið tilætlun þess, hjar ráðgjafinn sjer ekki við að láta greiða amtmönnunum um fjárhagstíma þann, er nú er að líða, sama skrifstofufje, og þeim var áður lagt, í þeirri von, að þingið veiti fje það, er tit þess þarf, með viðbæti við fjárlögin um árin 1876 og 1877; og um fjárhagstímabilin þar á eptir mun verða farið fram á, að fje þetta verði veitt í fjárlögunum.

Útaf fyrirsparn yðar í brjefi 1. desbr. f. á. um það, hvort eigi skuli eptirleidis greiða úr landssjóði styrk þann, er lagður er settum læknum með allrahæztum úrskurði 10. maí